




# Flugslysaæfing Keflavíkurflugvelli Október 2021 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

## Efnisyfirlit

|       |   |    |
|-------|---|----|
| 1     | Frá æfingastjórn .....                        | 2  |
| 2     | Markmið .....                                 | 3  |
| 3     | Undirbúningur og framkvæmd.....               | 4  |
| 3.1   | Laugardagurinn 16. október .....              | 4  |
| 3.2   | Mánudagurinn 18. Október.....                 | 4  |
| 3.3   | Þriðjudagurinn 19. Október.....               | 4  |
| 3.4   | Miðvikudagurinn 20. október.....              | 4  |
| 3.5   | Fimmtudagurinn 21. október .....              | 4  |
| 3.6   | Föstudagurinn 22. október .....               | 4  |
| 3.7   | Laugardagurinn 23. október .....              | 4  |
| 3.8   | Æfingastjórn .....                            | 4  |
| 3.9   | Ráðgjafar .....                               | 4  |
| 3.10  | Þátttaka .....                                | 5  |
| 3.11  | Handrit æfingarinnar og sviðsmynd .....       | 5  |
|       | Veður .....                                   | 6  |
| 3.12  | Framkvæmd.....                                | 6  |
| 3.13  | Vettvangur .....                              | 6  |
| 4     | Rýni.....                                     | 8  |
| 4.1   | Rýnifundur .....                              | 8  |
| 4.2   | Rýnifundur stjórnenda.....                    | 9  |
| 4.2.1 | AST.....                                      | 10 |
| 4.2.2 | VST.....                                      | 10 |
| 4.2.3 | Verkþáttastjórar .....                        | 10 |
| 4.2.4 | Rauði krossinn .....                          | 11 |
| 4.2.5 | Icelandair .....                              | 11 |
| 4.2.6 | Flugvernd.....                                | 11 |
| 4.2.7 | Leikarar .....                                | 11 |
| 4.2.8 | Aðrir umræðupunktur. ....                     | 11 |
| 4.3   | Samantekt lærdóms flugslysaaefingarinnar..... | 11 |
| 4.3.1 | Hverjir tóku þátt í rýni .....                | 12 |
| 4.3.2 | Ráðgjafar.....                                | 13 |
| 4.3.3 | Úrlausnaraðilar .....                         | 17 |

## 1 Frá æfingastjórn

Flugslysaæfing fyrir Keflavíkurflugvöll var á dagskrá á vormánuðum 2020 en var frestað vegna Covid 19 en haustið 2019 var undirbúningur þegar hafinn fyrir æfinguna. Þegar smá rými skapaðist í lok sumars var ákveðið að slá til þegar ljóst var að höft vegna heimsfaraldurs voru lítil. Hugmyndir voru áður um að halda æfinguna með talsverðum takmörkunum og takmarka bæði viðbragðsaðila og fjölda þátttakanda en að lokum var hægt að hafa æfingu með öllum hlutaðeigandi. Æfingin gekk vel með tilliti til sóttvarna þrátt fyrir fjöldann og nálægð við t.d. umönnun og voru allir með grímur. Vegna þessarar frestunar á æfingunni var minni tími en ella til undirbúnings sem þó kom ekki að mikilli sök. Vegna aðstæðna voru ýmsir þættir með öðrum hætti, t.d. voru fræðsla og fundir allir í fjarfundar formi en gengu vel og hægt að þróa áfram. Fræðsla var vel sótt og mæltist vel fyrir.

Sú ánægjulega staða var uppi á æfingadag að fjöldi leikara var með mesta móti eða 149 manns, því var ljóst að hlutfall viðbragðsaðila á móti þolendum var lágt og kannski nærri þeim raunveruleika sem við gætum staðið frammi fyrir í raunverulegu flugslysi á flugvellinum og krefjandi aðstæður fyrir viðbragðsaðila. Ljóst er á rýni æfingarinnar sem betur má lesa sér til um í skýrslu þessari að við þurfum að skoða nokkra þætti varðandi að bæta flæði og skráningu bjarga og slasaðra. Auk óvenju mikils fjölda þolenda var slysaðurinn afar flókinn og viðamikill sem skapaði raunverulegar áskoranir fyrir viðbragðsaðila og stjórnendum þeirra. Gefa verður stjórnendum betri verkfæri til að stjórna í krefjandi og umfangsmiklum hópslysum.

Mikil þátttaka var hjá gestum og gaf öflugur hópur gesta sér góðan tíma til að sjá hvernig málin ganga fyrir sig í atburði sem þessum. Heimsókn ábyrgðaraðila innan viðbragðsgeirans skiptir miklu máli og eykur á skilning og framgangs málaflokksins. Við þökkum þessu fólki fyrir komuna.

Allir aðilar sem skrifaðir eru í áætlunina tóku þátt með einum eða öðrum þætti, áttu mikilvæg samskipti í aðdraganda æfingarinnar, efldu þekkingu sína með þátttöku í fræðslu, unnu að innra skipulagi og almennt urðu hæfari til að takast á við sín störf. Slysavarnadeildir á Suðurnesjum tóku saman matarþakka og áttu stutt samtal við björgunarmenn þegar farið var af æfingarsvæðinu, deildirnar stóðu sig vel og við þökkum öllum fyrir þeirra þátttöku.

Eins og minnst var á hér að ofan var met þátttaka leikara á æfingunni og alveg ljóst að æfingarnar væru ekki eins árangursríkar ef framlag leikara væri ekki til staðar. Í lang flestum tilfellum eins og nú er um að ræða unga upprennandi björgunarsveitarmenn sem starfa í unglingsdeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þau stóðu sig afar vel og þökkum við þeim innilega fyrir framlagið.

Eins og lesa má gekk æfingin afar vel fyrir sig, þó má ekki draga þá ályktun að ekkert þurfi að gera í kjölfar æfingar af þessum toga, þvert á móti æfingin á að draga fram lærdómsatriði sem fara í ferli og gera viðbragðsaðila betri í að sinna sínum verkefnum ef til hópslyss kemur, auka viðbúnað á Keflavíkurflugvelli og almennt eykur áfallþol á Íslandi. Því má segja að mikill árangur hafi náðst á öllum sviðum. Æfingastjórnin þakkar öllum þátttakendum bæði úrlausnaraðilum og baklandi innilega fyrir þátttökuna, þið stóðuð ykkur afar vel.

Janúar 2022

Elva Tryggvadóttir, Isavia

Friðfinnur Freyr Guðmundsson, Isavia

## 2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar í október var að æfa flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar, samvinnu milli viðbragðsaðila og þær áskoranir sem felast í dreifðum og flóknum vettvangi, í og við hraun, þar sem yfirsýn var erfið og eldar loguðu víða.



### 3 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur fyrir æfingar hófst nokkrum mánuðum fyrr þar sem æfingastjórn heldur utan um heildarmynd æfingarinnar. Fræðslukvöld og undirbúningsviðburðir eru skipulagðir allt eftir umfangi æfingar. Flugslýsæfing á Keflavíkurflugvelli er í því umfangi að dagskráin er þétt en fróðleg.

|   |
|---|
| <b>3.1 Laugardagurinn 16. október</b>   |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Heimsókn aðgerðastjórnanda - Isavia</li></ul>   |
| <b>3.2 Mánudagurinn 18. október</b>   |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðsla fyrir slökkvilið - RNSA og Isavia</li><li>• Fræðsla fyrir aðgerðastjórnendur AST - Almannavarnir</li><li>• Verkaskipting SÁBF og stjórnstigin - Almannavarnir</li><li>• Verkpáttastjórar, boðleiðir samkvæmt FFK - Almannavarnir</li><li>• Kynningarfundur fyrir leikara – Umsjón</li></ul> |
| <b>3.3 Þriðjudagurinn 19. október</b>   |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðsla sálrænn stuðningur - RKÍ</li></ul>  |
| <b>3.4 Miðvikudagurinn 20. október</b>  |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Bráðaflokkun, áverkamat og heilbrigðiskerfið í hópslysum - LSH</li></ul>  |
| <b>3.5 Fimmtudagurinn 21. október</b>   |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Boðunarprófun</li><li>• Rannsóknarnefnd samgönguslysa</li><li>• Setning æfingar</li><li>• Fræðsla</li><li>• Kynningarfundur leikara</li></ul>   |
| <b>3.6 Föstudagurinn 22. október</b>  |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðsla fyrir flugvallarþjónustu Isavia - RNSA</li><li>• Skrifborðsæfing</li></ul>  |
| <b>3.7 Laugardagurinn 23. október</b>   |
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Æfingardagur</li></ul>  |

### 3.8 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþyrifvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna og Isavia.

|               |              |                            |
|---------------|--------------|----------------------------|
| Isavia        | Æfingastjóri | Elva Tryggvadóttir         |
| Isavia        | Æfingastjórn | Friðfinnur Fr. Guðmundsson |
| Almannavarnir | Æfingastjórn | Friðjón Viðar Pálmason     |

### 3.9 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

|                                |                       |                          |
|--------------------------------|-----------------------|--------------------------|
| Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Tengiliður heimamanna | Gunnar Schram            |
| Almannavarnardeild             | Ráðgjafi              | Halldór Hólm Harðarson   |
| Almannavarnadeild              | Ráðgjafi              | Sólberg Svanur Bjarnason |



|                              |                        |                           |
|------------------------------|------------------------|---------------------------|
| Almannavarnardeild           | Ráðgjafi í AST         | Hermann Karlsson          |
| Almannavarnadeild            | Ráðgjafi               | Rögvaldur Ólafsson        |
| Icelandair                   | Tengiliður flugfélags  | Stephanie Smith           |
| Icelandair                   | Tengiliður flugfélags  | Einar Pétur Heiðarsson    |
| Isavia                       | Upplýsingafulltrúi     | Guðjón Helgason           |
| Isavia                       | Ráðgjafi SLY           | Grétar Karlsson           |
| Isavia                       | Umsjón leikara         | Vígdís Björk Agnarsdóttir |
| Isavia                       | Ráðgjafi SLY           | Þórður Þórðarson          |
| Isavia                       | Umsjón gesta           | Árni Birgisson            |
| Isavia                       | Stjórnun ráðgjafa SLY  | Aðalbjörn Tryggvason      |
| Isavia                       | Ráðgjafi SLY           | Hólmeir Þorsteinsson      |
| Isavia                       | Ráðgjafi SLY           | Garðar Eðvaldsson         |
| Isavia                       | Ráðgjafi SLY           | Magnús Orri Einarsson     |
| Play                         | Tengiliður flugfélags  | Snorri Birgisson          |
| Rauði kross Íslands          | Ráðgjafi               | Aðalheiður Jónsdóttir     |
| RNSA                         | Ráðgjafi               | Þorkell Ágústsson         |
| RNSA                         | Ráðgjafi               | Ragnar Guðmundsson        |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg | Ráðgjafi               | Karen Ósk Lárusdóttir     |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg | Ráðgjafi SLY           | Guðbrandur Örn Arnarsson  |
| Landspítali                  | Ráðgjafi SSS           | Sigrún Guðný Pétursdóttir |
| Landspítali                  | Ráðgjafi og tengiliður | Tryggvi Hjörtur Oddson    |

### 3.10 Þátttaka

Þátttaka var afar góð, sérstaklega var afar góð þátttaka hjá leikurum og umsjónarmönnum.

|            |                      |
|------------|----------------------|
| 149        | Leikarar             |
| 12         | Umsjónarmenn leikara |
| 3          | Æfingastjórn         |
| 20         | Ráðgjafar            |
| 270        | Úrlausnaraðilar      |
| <b>454</b> | <b>Alls</b>          |

### 3.11 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

**Kl. 10:00** Tilkynnir OY-FNO B737 400 sem er á leið frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur um reykjarlykt í flugstjórnarklefa. **(PAN PAN PAN)(PAPA ALFA). Ástandið stöðugt um borð.**

(ætti að leiða til virkjunar óvissustigs)

**Kl. 10:05** Tilkynnir OY-FNO B737 400 reykur sé komin úr vinstri mótör (#1) flughæfni er óskert. **(MAYDAY)(MIKE DELTA).**

(ætti að leiða til virkjunar hættustigs)

**Kl. 10:11** Á lokastefnu á braut 01 tilkynnir áhöfn turni að eldur sé í mótör og að ekki hafi náðst að slökkva eld í hreyfli #1 og reykur kominn í flugstjórnarklefa, flughæfni en óskert. Ætti að leiða til neyðarstigs en ekki tilfærslu bjarga innan flugvallar.

(ætti að leiða til viðbótar upplýsingagjafar frá turni en ekki upp um boðstig)

**Um kl. 10:13** (eða þegar æfingastjórn gefur grænt ljós). Mikill reykur sé komin í farþega- og stjórnrymi flugvélarinnar. Áhöfn er komin með súrefnisgrímur og reykur í stjórnarklefa sé það mikill að ekki sé auðvelt að sjá á stjórnarklefa vélarinnar og flugbrautina. **Skömmu síðar brotlendir flugvélin á 01 og endar**

## á æfingarsvæði flugvallarþjónustu (reitur 13B-G4) og virkjar flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurlugvöll á Neyðarstigi Rauðu. (ætti að leiða til hækkunar boðstigs í neyðarstig)

- 14 tonn af eldsneyti um borð við landingu
- 149 persónur um borð (farþegar og áhöfn)
- Æfingin gerir ráð fyrir að vélin komi inn á braut 01

### Veður

Æfingin var haldin í október og allra veðra von, veður var hins vegar með ágætum, milt, lítil vindur, örlítill rigning. Veður hafði engin áhrif á framgang æfingar.

### 3.12 Framkvæmd

Hér að neðan er lýst framkvæmd æfingar, uppsetning og skipulag vettvangs. Markmið vettvangsins var að skapa fjölbreytt verkefni fyrir alla viðbragðsaðila. Krefjandi vettvang fyrir úrlausn og stjórnun ásamt því að endurspeгла eins og hægt er raunverulegar aðstæður.

### 3.13 Vettvangur

Vettvangur var settur upp á æfingasvæði Flugvallarþjónustu Keflavíkurlugvallar, var hann viðamikill og afar krefjandi. Verkefni reyndu á alla marga þætti slökkvi- og björgunarstarfs s.s. reykköfun, klippivinnu, tryggja vettvang, stjórnun, samræming og forgangsröðun á viðamiklum vettvangi, tæknileg björgun o.s.frv. Vettvangur var vel upp settur og gekk sú vinna vel fyrir sig.

**1. Rörið.** Björgun úr reykfylltu rými. Kaldreykur úr reykvel í röri frá Vegagerðinni, inn í rörinu voru flugvélasæti og 10 þolendur, einnig var hátalari sem spilaði barnsgrátur.

**2. Móar.** Slökkvistörf utan alfaraleiðar. Fjórir bílar með eldi út í móa, þörf á að leggja slöngur að bílunum. 10 þolendur voru nærri.

**3. Pytturinn.** Slökkvi og klippiverkefni. Eldur var hafður í fjórum bílum og fjórum olútunnum. Rúta var á hlið. 10 þolendur (dúkkur) sem breyttust í leikara þegar dúkkur voru komnar út úr rútu.

**4. Strætóinn.** Björgun úr erfiðum aðstæðum. 40 þolendur fastir í rými þurfti að bjarga út um lúgur á þaki.

**5. Eldfuglinn.** Eldur í fjórum bílum við eldfuglinn sem var fullur af fólki, um 20 manns, átti að sýna fram á forgang verkefna við komu á slysstað. Auk þess var kaldreykur í eldfugli. Gámur við eldfugl var einnig fullur af þolendum 25 manns og þurfti að bjarga þeim út um lúgu og yfir gáminn.






## 4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna æfinguna rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Einnig var haldinn stöðufundur með stjórnendum strax í kjölfar æfingarinnar sem var vel sóttur.



### 4.1 Rýnifundur

Að lokinni skrifborðsæfingu á föstudeginum var tekin smá rýni á staðnum með þátttakendum en vegna Covid-19 var þátttakendum ekki safnað saman á rýnifund að lokinni æfingu á laugardegnum, aðeins stjórnendur komu saman að lokinni þeirri æfingu.

### 4.2 Rýni skrifborðsæfingar

Skrifborðsæfing var haldin í húsnæði Björgunarsveitarinnar Suðurnes á föstudeginum. Verkbáttastjórar voru í salnum, SSS var keyrt úr rými við anddyri, VST á efri hæð hússins og AST í nýrri aðstöðu í húsnæði Brunavarna Suðurnesja. Tekin voru tvö rennsli þar sem samskipti og rennsli æfingar var æft. Æfingarnar gengu vel og góður undirbúningur fyrir æfinguna daginn eftir. Sumir voru að koma nýir inn í verkþætti og var æfingin því mjög góð til að efla skilning á öllu kerfinu. Eftirfarandi punktar komu fram að loknum æfingunum.

- Það hefði mátt vera fleiri frá Isavia, t.d. Flugvernd vegna tengsla sinna við MÓT.
- Skráning hefði mátt vera í MÓT til að gera það raunverulegra, jafnvel vera með tilbúin blöð sem eru á MÓT til að haka við.
- Flugverndaraðili í MÓT sem þekkir hvaða bjargir eru á vellinum.
- Samband þarf að vera á milli LHG og gæslustjóra uppá lokanir. LHG var ekki á skrifborðsæfingunni en hefði mátt vera þar.
- Gríðarlegur munur á rennsli 1 og 2.
- Gott að vinna þetta á kortum.
- Æfingin hófst um kl. 15.25 og var lokið um kl. 18.10.

### Vettvangsstjóri

- Gekk vel, fyrri hluti æfingar með nýtt fólk.
- Gengur hratt fyrir sig á æfingum, stundum má hægja aðeins.
- Áreiti verður meira á morgun.
- Fjarskipti stýra að hluta.
- Gekk annars vel.
- Hafa aðstoðarfólk inn í vettvangsstjórn.
- Björninn verður nýttur fyrir vettvangsstjórnina, byrja í Gamla vettvangsstjórabilnum þar til Björninn mætir.

### Björgunarstjóri

- Gekk ágætlega.
- Komuskýrslan, hann lagði áherslu á það.
- Voru óformlegir í fjarskiptum og mættu nota kallmerki.
- Rætt um bráðaflokkunarspjöld f. morgun daginn sem verða æfingaspjöld.

### Flutningastjóri

- Voru tvær og skiptust á að vera flutningastjóri í sitthvoru rennslinu.
- Björgunarsveitaraðili var að logga sem var gott.
- Passa þarf að beðnir fari til VST, verkþáttastjórar eiga að geta leyst málin sín á milli.
- Gáfu reglulegt stöðutékk til VST um stöðu bjarga.
- Ef bjargir losna þarf að láta flutningastjóra vita og sem setur þær í önnur verkefni.
- Mikilvægt að gæslustjóri fái sínar bjargir.
- Verkefni lokið þá séu bjargir sendar á flutningastjóra aftur.
- Fyrirbyggja disaster tourist.

### Gæslustjóri

- Ánægður með æfinguna.
- Fékk góðar upplýsingar.
- Var einn í dag en verður með aðstoð á morgun.
- Betra að æfa samskiptin, hefði viljað gera það og vera fleiri á skrifborðsæfingunni.

### Aðhlyningarstjóri

- Sjúkrabílar fóru á SLY – mikilvægt að sjúkrafólk fari ekki og skilji ekki bíla eftir í langan tíma.
- Talning inn og út verður áskorun.
- Sjúkrabílar, taki sjúklinga sem eru mikið slasaðir (sóðaskapur).
- Ekki blanda saman hreinum og óhreinum sjúkrabílum (olía og flutningur út).
- Sjúkraflutningamenn villa ekki fá slökkvígalla á SSS, nýta frekar slökkvilið á vettvangi.
- Para saman hópa og tæki verður áskorun.
- Flytja á sjúklinga í Háaleitisskóla (spítali) frá æfingasvæði.

## 4.3 Rýnifundur stjórnenda á laugardagsæfingunni

Strax eftir æfingu á laugardeginum var stjórnendum í aðgerðinni og ráðgjöfum húað saman til rýnifundar í Háaleitisskóla Reykjanesbæ. Eftirfarandi punktar komu fram.

Elva Tryggvadóttir æfingastjóri opnaði fundinn, bauð alla velkomna og sagði stuttlega frá framgangi æfingarinnar. Æfingin virðist hafa gengið vel fyrir sig í stórum dráttum, en alltaf eitthvað sem betur megi fara sem er það sem við ætlum að draga fram hér á fundinum. Hún sagði að SMS-boð hafi klikkaði í upphafi aðgerðar, ekki er vitað hvað orsakaði það. En mögulega voru boð að skila sér á mismunandi tíma því ekki allir fá boð um öll almannavarnastig.

#### 4.3.1 AST

Aðgerðir gengu vel, ný aðgerðastjórn notuð í fyrsta sinn og er hún vel tækjum búin. Eins og von er var AST að slípa sig saman í nýrri aðstöðu. Allir sem að komu fá hrós fyrir.

Ráðgjafi: Hermann Karlsson, almannavarnir. Starfsemi AST gekk vel, ekki mikill asi á mönnum, hefði verið meira áreiti í raun aðgerð.

#### 4.3.2 VST

Verkefni VST gengu vel fyrir sig, ekki náðist þó næg yfir sýn og vantaði fyrr að fá upplýsingar af SLY um umfang á slysstað, fjölda slasaðra o.fl. Mikil umferð á VST-2 en ekki óþarfa samskipti.

#### 4.3.3 Verkpáttastjórar

##### 4.3.3.1 Björgunarstjóri

Slysstaður umfangsmikill og krefjandi, úrlausn hans gekk ágætlega. Ekki auðvelt að hafa yfirsýn.

Of mikil umferð í fjarskiptum, ekki alltaf hægt að komast að, náði ekki að fylgjast með öllum fjarskiptum.

##### 4.3.3.2 Aðhlyningarstjóri

Of fáir viðbragðsaðilar á SSS og vantaði meiri mannskap í öll verkefni. Áverkamat gekk vel en nokkur biðröð var á grænum þegar á leið og var tekið á það ráð að áverkameta græna í rútu sem þeir komu í og gekk það vel. Skráning gekk vel, vantaði upp á samskipti milli HSS og LSH. En SSS var í góðum samskiptum við HSS. Allir stóðu sig vel.

Ráðgjafi: Sigrún Guðný, LSH, risaverkefni og margt sem þarf að gera. Flöskuhálsinn sem varð er í raun raunverulegur ef kæmi til svona stórs atburðar. Húsnæðið [SSS] er allt of kalt.

##### 4.3.3.3 Gæslustjóri

Lærði helling, gekk vel. Hefði mátt vera virkari að tékka á sínu liði, mikið álag í skráningu. Gaman að sjá þetta rúlla vel. Álagið yrði hugsanlega annað í raunverulegum atburði.

Davíð (björgunarstjóri). Hefði átt að vera í betri tengslum við gæslustjóra varðandi innri lokun.

##### 4.3.3.4 Flutningastjóri

Pappírsbílar komu ekki og rugluðu kerfið.

Starfsemi gekk annars vel, ekki auðvelt að hafa yfirsýn, áreiti er mikið í gámnum við MÓT.

Allir vel virkir í hópnum sem sá um skráningu á MÓT. Mikilvægt að gefa upp rétt kallmerki í MÓT. Verkefnalausar björgunarsveitir fóru ekki á MÓT hefðu þurft að gera það í samráði við sinn verkpáttastjóra ef þeir voru búnir með sín verkefni.

Sendu aðila í SSS sem endaði í öðrum verkefnum.

Brandur – æfingalegs eðlis en mikið var af björgum á stuttum tíma í gegnum MÓT en það þarf að hugsa verkaskipting og flæði betur með tilliti til skráningar á MÓT.

#### 4.3.4 Rauði krossinn

Söfnunarsvæði aðstandenda var æft á tveimur stöðum sem yrði líklega raunveruleikinn, samskiptin þar á milli þarf að snikka til. SSA í Reykjavík gekk ekki nægjanlega vel, skráningarkerfi var til vandræða. Farþegalistinn fór af stað í pósti á milli aðila sem ekki á að vera. Veittu stuðning í SSS sem gekk vel.

#### 4.3.5 Icelandair

Icelandair fékk ekki upplýsingar um áhöfnina eins og eðlilegt getur talist, mikilvægt er að flugfélagið fái að vita um afdrif áhafnar. Rangar upplýsingar um látin áhafnar meðlim, en látinn flugmaður var sagður flugstjóri. Icelandair sendi fulltrúa í SSS til aðstoðar farþegum varðandi praktíska hluti og gekk vel. Áhöfnin fannst ekki, voru merkt en allir dúðaðir í teppi og þekktust ekki. Sumir voru einnig færðir úr áhafnarfötum.

#### 4.3.6 Flugvernd

Flugvernd, gekk vel, flestir vel upplýstir um akstur og öll stýring gekk vel. Misræmi á borðæfingu og æfingu varðandi opnun akstursleiða. Eitt atvik kom upp þar sem vanþekking á vellinum olli misskilningi til þátttakenda æfingar.

#### 4.3.7 Leikarar

Leikarar stóðu sig vel orðið köld og svöng í lok æfingar, allir sælir og glaðir í lok æfingar, þegar þau voru búin að borða. Umsjónarmenn stóðu sig vel. Ekkert alvarlegt kom upp.

#### 4.3.8 Aðrir umræðupunktur

Brandur SL, baklandið og gestir í mismunandi vestum, ekki hægt að átta sig á hver var hvað, óþægilegt og mikilvægt að finna lit sem er ekki í notkun hjá öðrum fyrir bakland.

Umræða um talningu þar sem kom meðal annars fram að Gæslustjóra vantaði 2 í viðbót á SSS vegna talningar.

Vantaði bráðaflokkunarspjöld, annað kerfið notað, samhliða, sem ruglaði kerfið.

SMS kom ekki á lögreglu, svo virðist að almennir lögreglumenn séu ekki að fá boð aðeins yfirstjórn á ákveðin boðstig almannavarna.

Öllum þökkuð þátttaka og vel unnin störf, næsta verkefni er að fara yfir áætlanina, leiðrétta og laga og á endanum að gefa út.

### 4.4 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar


Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því tryggjum við að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem ekkert, hef ekki skoðun o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

#### 4.4.1 Hverjir tóku þátt í rýni


##### 4.4.1.1 Æfingastjórn og ráðgjafar

|                               |   |
|-------------------------------|---|
| Almannavarnir                 | 1 |
| Isavia                        | 5 |
| Heilbrigðisþjónusta           | 0 |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg  | 1 |
| Rauði krossinn                | 0 |
| Rannsóknarnefnd samgöngusl... | 1 |
| Landhelgisgæslan              | 1 |
| Lögreglan                     | 0 |
| Other                         | 1 |



##### 4.4.1.2 Úrlausnaraðilar


|                                   |    |
|-----------------------------------|----|
| Neyðarlínan 112                   | 0  |
| Lögregla                          | 1  |
| Isavia Flugvallarþjónusta         | 3  |
| Isavia Flugvernd                  | 3  |
| Slökkvilið                        | 0  |
| Sjúkraflutningar                  | 0  |
| Heilbrigðisþjónusta               | 0  |
| Svæðisstjórn björgunarsveita      | 3  |
| Björgunarsveit                    | 18 |
| Rauði krossinn                    | 2  |
| Landhelgisgæslan                  | 0  |
| Rannsóknarnefnd samgöngusl...     | 0  |
| Flugrekstrar- og / eða þjónust... | 0  |
| Other                             | 7  |





#### 4.4.1.3 Hvar voru úrlausnaraðilar staðsettir á æfingunni

|                                      |    |
|--------------------------------------|----|
| ● Móttaka bjarga - MÓT               | 6  |
| ● Slysstaður - SLY                   | 14 |
| ● Söfnunarsvæði slasaðra - SSS       | 10 |
| ● Söfnunarsvæði aðstandenda - ...    | 0  |
| ● Vettvangsstjórn - VST              | 1  |
| ● Aðgerðastjórn - AST                | 0  |
| ● Samhæfingarstöð - SST              | 0  |
| ● Tók bara þátt í fræðslu en ekki... | 0  |
| ● Other                              | 13 |



#### 4.4.2 Ráðgjafar

##### 4.4.2.1 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

- Fræðsla til fyrirmyndar
- Undirbúningur góður
- Þægilegt að hafa fundi á Teams
- Undirbúningur slysavettvangs var góður
- Það gekk allt saman vel og öll fræðsla var góð

##### 4.4.2.2 Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

| Rýnipunktur   | Forgangur | Eigandi           |
|---|-----------|-------------------|
| Minni tími en vanalega til undirbúnings vegna ákvörðunar að halda æfinguna meðan dúraði í Covid.  | Grænn     | Æfingastjórn      |
| Æfingin haldin í vetrarfrí skóla.   | Grænn     | Æfingastjórn      |
| Knappur tími kallaði á áskoranir við að afla aðfanga fyrir uppsetningu SLY  | Grænn     | Æfingastjórn      |
| Fleiri æfingar mættu vera á kvöldin og um helgar fyrir sjálfbóðaliðana  | Grænn     | Æfingastjórn      |
| Á fjarfundum gátu sumir aðilar (Brunavarnir Suðurnesja og slökkvilið Þórshafnar á þeirri æfingu) ekki séð glærurnar sem varpa átti upp á skjá á viðkomandi stöðum í gegnum Teams. Líklega úrlausnatriði fyrir tölvuaðila á viðkomandi stöðum, því að aðrir á Teams fundunum gátu séð glærurnar. | Grænn     | Viðkomandi aðilar |
| Raða ráðgjöfum betur niður í verkefni.  | Grænn     | Æfingastjórn      |

4.4.2.3 *Hvað gekk vel á æfingunni? (Tilgreinið æfingu og staðsetningu, skrifborðs og eða vettvangsæfing)*

- Persónulega fannst mér mjög gott að mæta á skrifborðsæfinguna, þó svo við höfum ekki haft formlegt hlutverk þar. Gott að fá yfirlit yfir stöðuna.
- Samskipti Milli SST og AST raunveruleg og mjög góð.
- Starfsemi á SSS virtist ganga vel
- Mjög góðar skrifborðsæfingar.
- Sjálf æfingin var sú lang besta sem undirritaður hefur tekið þátt í sérstaklega út frá sjónarhóli björgunarsveita.
- Gott hlutfall milli björgunarfólks og sjúklinga.
- Fannst æfingin ganga vel heilt yfir.
- Úrlausn verkefna á pósti 4 (rúta á hlið gekk vel).
- Úrvinnsla verkefna á pósti 1 gengu vel fyrir sig, leikarar stóðu sig vel og slökkviliðsmenn notuðu réttan búnað.
- Vettvangur krefjandi, unnu saman og héldu ró sinni.
- Var við verkefni 5 (Eldfugl). Rýming úr fuglinum gekk vel, úrlausn verkefna gekk vel, fáir viðbragðsaðilar á staðnum.

4.4.2.4 *Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni? (Tilgreinið æfingu og staðsetningu, skrifborðs og eða vettvangsæfing)*

| Rýnipunktur  | Forgangur | Eigandi      |
|--|-----------|--------------|
| Eina umkvörtunarefnið var kuldi í flugskýlinu. Það er erfitt að halda hita á svæðum sem eru opin, hiti í flugskýlinu við þær aðstæður stýrist að veðri.  | Gulur     | Isavia/LHG   |
| Æfingin byrjaði ekki á réttum tíma vegna umferðar.   | Grænn     | Æfingastjórn |
| Hefði mátt vera fleiri einingar í SST.   | Grænn     | VST          |
| Raunverulegri SLY, björgunarmenn áttuðu sig ekki á að gámur væri hluti af æfingunni. Fleiri hólkar sem líkjast búk flugvélar gæti verið sniðug lausn (eins og á vettvangi 1)   | Grænn     | Æfingastjórn |
| Áhorfendur og bakland hefði mátt vera meira áberandi í litum sem eru ekki í pallettu viðbragðsaðila.   | Gulur     | Æfingastjórn |
| Áhorfendur að flækjast of mikið ofan í sjúklingum og björgunarfólki til að sjá hvað fram fór og stundum truflaði það upplifun þátttakenda  | Gulur     | Æfingastjórn |
| Það vantaði yfirsýn yfir staðsetningu á áhafnar meðlimum. Það eru upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir rannsóknaraðila (bæði RNSA og lögreglu). Tveir áhafnar meðlimir (einn flugþjónn og ein flugfreyja) komu aldrei í gegnum Söfnunarsvæði | Gulur     | VST          |


|   |       |                   |
|---|-------|-------------------|
| Slasaðra samkvæmt þeim upplýsingum sem RNSA fékk.   |       |                   |
| Fáir björgunarmenn á hverjum pósti og langan tíma tók að rýma. Póstur 4 (rúta). Bráðaflokkun 30 mín eftir útkall, Fyrsti slökkviliðsbíll á póstinum 45 mín eftir útkall, 2 menn með engan stiga en björguðu sér með því að leggja slökkvibíl við rútuna. Tveir aðrir slökkviliðsmenn koma í verkefnið 85 mín frá útkalli. Þá fyrst var hægt að rýma rútuna allir komnir út 2 klst. eftir útkall | Gulur | Aðhlyningarstjóri |
| Póstur 4 (rúta) Slökkvibíll kom á póst og var kveikt á dælu, ekki virtist vera kæling á dælunni og opnuðust öryggislokar á dælu.  | Gulur | Isavia            |
| Póstur 4 (rúta) röng stilling á stuðara byssu. Slökkt var í böllum með beinni bunu og eldur dreifðist um svæðið í staðin fyrir að nota úða.   | Gulur | Isavia            |
| Björgunarstjóra skorti yfirsýn yfir slysavettvang. Honum til varnar þá var slysavettvangurinn margskiptur og í raun ekki rökréttur.   | Gulur | Isavia            |
| Langann tíma tók að hefja björgun fórnarlamba úr röri (póstur 1). Fyrsta fórnarlamb út úr rörinu var síðast af vettvangi þrátt fyrir alvarlega áverka.  | Gulur | Isavia            |
| Teppi fyrir fórnarlömb hefðu mátt koma fyrr.  | Gulur | Isavia            |
| Björgunarstjóri náði ekki yfirsýn og hefði átt að skipa undirmenn til aðstoðar  | Gulur | Isavia            |
| Eldfugl (póstur 5). Umhverfi SLY var ekki kannað og liðu tæpar 60 mín frá útkalli þar til kom að gámi á pósti 5.  | Gulur | Isavia            |
| Björgunarstörf í gámi (pósti 5) gekk hægt betra hefði verið að kalla eftir öðrum björgum til úrlausnar til dæmis stigabíl eða Körfubíl. Vettvangur var hugsaður fyrir tæknilega björgun björgunarsveita en leystur af flugvallarþjónustu Isavia.  | Gulur | Isavia            |

4.4.2.5 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

| Rýnipunktur  | Forgangur | Eigandi      |
|--|-----------|--------------|
| Flugrekstraraðilar verða að eiga hlutverk í SSS. Þetta þarf að skrifa inn í næstu útgáfu af áætluninni.                        | Rauður    | Isavia/AVD   |
| Áhafnir eru ekki sakamenn, heldur þolendur sem þurfa umönnun eins og aðrir þolendur, Rannsóknin kemur á eftir björgunarfasanum | Gulur     | Lögregla     |
| Upplýsingar um áhafnir verða að berast flugrekendum eins fljótt og hægt er.  | Gulur     | Lögregla     |
| Skrifa þarf leiðbeiningar hvernig eigi að fara með áhafnir flugfara, hvort sem það er flugstjórar eða flugþjónar.              | Gulur     | Flugrekendur |
| Mikil reynsla í úrlausnum verkefna   |           |              |
| Æfingin gekk vel   |           |              |
| Bara frábærir dagar og gaman að vinna að þessu með topp fólki  |           |              |
| Frábær æfing - vel að verki staðið!  |           |              |
| Flott æfing og gott að dusta rykið eftir COVID tímabilið.  |           |              |
| Flott æfing í alla staði.  |           |              |
| Flott æfing þar sem reyndi mikið á viðbragsaðila bæði innan vallar og utan.  |           |              |
| Hefði viljað sjá fleiri frá Flugvallarþjónustunni á KEF taka þátt í æfingunni.   |           |              |
| Það sést á öllum æfingum að menn verða að æfa betur  |           |              |

### 4.4.3 Úrlausnaraðilar

#### 4.4.3.1 Hvar varst þú staddur/stödd á æfingunni á laugardeginum?



#### 4.4.3.2 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

- Frábært að fá góða fræðslu fyrir æfingu, meðal annars í bráðaflokkun.
- Mjög flottir fundir í vikunni fyrir æfinguna.
- Live fyrirlestrar 🗣️
- Góð upprifjun í aðdraganda æfingar.
- Bæði fjarkennsla og fjarfundir voru fræðandi og hjálpuðu til við að skilja hlutverk hvers og eins aðila.
- Skrifborðsæfingin gekk vel.
- Fræðsla um SÁBF og verkþáttastjóra gekk mjög vel og gott að fá skilgreiningar á milli verkþátta, eininga og hver gerir hvað. Sú fræðsla var góð og eins skipulag á bláa bandinu.
- Handbók góð.
- Tók þátt í undirbúningsfundi fyrir æfingu og las handbókina um EXT flugslysaæfinguna.
- Gekk vel.
- Hlutverk HCC (annað en flugvernd) var óskrifað blað í ferlunum/handbókinni og því var þessi æfing mjög góð til að sjá hlutverk þess.
- Í raun gekk allur undirbúningur vel.
- Undirbúningur á öllum þáttum gekk vel.
- Fundir og skrifborðsæfingin gengu vel.
- D-Vakt flugvallarþjónustu fór í upprifjun nokkrum dögum fyrir og fór yfir bráðaflokkun og flugslysaáætlun.
- Fundir góðir.
- Mjög flott kynning á svæðinu helgina áður fyrir aðgerðastjórnendur.
- Mjög flott framtak að hafa streymi og fara yfir undirstöðu atriðin til að takast á við svona atburð.
- Fundirnir góðir og flott að leyfa spurningar. Flottir fundir.
- Við funduðum og fórum yfir æfingabúnað og annan búnað sem við töldum að við þyrftum að hafa meðferðis. Hver og einn rifjaði upp fyrstu hjálpar ferla.



- Það var mjög gagnlegt að fylgjast með fræðslufyrirlestrum á netinu, þeir voru fjölbreyttir, snertu á mikilvægum atriðum og voru gagnlegir, einkum þegar farið var yfir praktísk atriði varðandi æfinguna sjálfa.
- Það mætti bjóða upp á fleiri slíka fræðslufyrirlestra á netinu og myndefni á netinu, íslenskt og erlent.
- Mín sveit var vel undirbúin og við vorum með fræðslu og upprifjun fyrir okkar félag.
- Skrifborðsæfingar fyrir verkþáttastjóra voru mjög góðar og gengu vel.
- Undirbúningsfundur fyrir sjúklinga var mjög skýr og góður.
- Virkilega flott fræðsla og allt vel útskýrt.

#### 4.4.3.3 Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi æfingar - Fundir og fræðsla?

| Rýnipunktur  | Forgangur | Eigandi                      |
|--|-----------|------------------------------|
| Ég ætlaði að horfa á fræðslunnar eftir á (en fyrir æfinguna) en það var ekki hægt.   | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Bjóða öðrum viðbragðsaðilum sem ekki tengjast áætluninni að taka þátt í fræðslu.   | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Lítill fræðsla fyrir æfingu.   | Gulur     | Æfingastjórn                 |
| Lélega auglýst dagskrá, fengum seint tilkynningu um fundina.   | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Mætti vera auðveldari möguleiki á að nálgast glærurnar til að rýna í fyrir æfingu ef einhver í hóp hafi misst af fundi.                      | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Okkur var ekki boðið að taka þátt í undirbúningi.  | Rauður    | Æfingastjórn                 |
| Það hefði verið gott að geta hitt fólk á æfingunum en ekki bara yfir net.  | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt taka fundina upp.   | Gulur     | Æfingastjórn                 |
| Nöfn svæða á æfingarsvæðinu (en auðvitað þekkir maður þau ekki venjulega í útköllum) hefðu mátt liggja fyrir.                                | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt taka upp fyrirlestrana fyrir þá sem voru ekki lausir á þeim tíma sem þeir voru.   | Gulur     | Æfingastjórn                 |
| Hafa fræðslu í boði áfram eftir æfingu.  | Grænn     | Æfingastjórn                 |
| Að einingar björgunarsveitanna og stjórn Landsbjargar auglýsi betur æfinguna og hvetji til þátttöku.   | Gulur     | Slysavarnafélagið Landsbjörg |
| Hefði kannski mátt hvetja fólk til upprifjunar á efni fyrstu hjálpar (auðvitað margir sem þurftu ekki áminningu) en samt. Hefði ekki skaðað. | Gulur     | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt funda með aðilum Flugverndar varðandi vörðun, MÓT og skráningar og umferðarstýringu.  | Rauður    | Isavia NVB                   |

|  |       |                              |
|--|-------|------------------------------|
| Engar athugasemdir, nema hvort vert væri að bjóða fleiri (viðbragðsaðilum innan kerfisins, sem þó tengjast ekki beint viðbragði/æfingu á KEF heldur á öðrum vettvangi/flugvelli) að taka þátt almennum rafrænum kynningum og fræðslu. Gæfi þeim sem vildu tækifæri til að fá nefnda fræðslu eða upprifjun á henni. | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Á setningu æfingarinnar var óþarfi að fara líka í fjarskiptakaflann svona ýtarlega. Aðallega að segja frá skipulaginu í kringum FFK.   | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Bjóða öllum sem koma að æfingunni í ítarlega fræðslu og þjálfun fyrir æfinguna. Tilgreina hlutverk hvers og eins vel.  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt vera skrifborðsæfing fyrir fleiri þátttakendur.   | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Fleiri hefðu mátt koma að undirbúning í frá björgunarsveitum   | Grænn | Slysavarnafélagið Landsbjörg |
| Kannski hefði þurft lengri og ítarlegri yfirferð yfir áætlunina.   | Gulur | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt taka upp streymi og hafa aðgengileg í einhvern tíma á eftir. Margir sem gátu ekki horft á beina útsendingu t.d. vegna vinnu.  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Það mætti vera mikið betra auglýst að flugslysæfing ætti sér stað þennan dag og með mikið meiri fyrirvara.   | Gulur | Æfingastjórn                 |
| Sumir fyrirlestrar heldu sama innihaldi sem hefði geta verið betur flokkað.  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt fara yfir heitin á mismunandi svæðum, t.d. vissi enginn hvar eldfugl var.   | Gulur | Isavia/AVD                   |
| Sumt var óþarflega ítarlegt þó það hafi verið mjög áhugavert s.s. um fjarskipti.   | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Ég hefði viljað heyra fyrirlestur um búnað sem þarf í stórslys af þessum toga og þá út frá aðstæðum.   | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt fara betur yfir samskipti.  | Gulur | Æfingastjórn                 |
| Hefði mátt gefa fyrir út að æfingin yrði (með fyrirvara um Covid auðvitað).  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Hefðu mátt vera upptökur sem væru aðgengilegar þ.e.a.s. hver og einn geti horft á sínum eigin tíma.  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Glærur mátt liggja fyrir eftir fyrirlestra.  | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Við hefðum getað sinnt okkar verkefni betur ef við værum partur af undirbúningnum fyrir æfinguna (flugvernd)   | Gulur | Isavia                       |

|                              |       |              |
|------------------------------|-------|--------------|
| Ítreka auglýsingu á fundunum | Gulur | Æfingastjórn |
|------------------------------|-------|--------------|

#### 4.4.3.4 Hvað gekk vel á æfingunni? (Skrifborðsæfing eða vettvangsæfing - tilgreinið æfingu/æfingar)

- Frábært samvinna milli aðila, aðhlyningarstjóri mjög góður í að leysa úr fyrirspurnum.
- Skemmtileg æfing að mörgu leiti, fannst ganga vel fyrir sig og fannst fjarskiptin yfir höfuð ganga vel
- Mjög margt gekk vel en í feltinu var sjúklega erfitt að koma björgum til sjúklinga þar sem svæði voru lokuð bílum og bera þurfti sjúklinga í stórgríttu mosahrauni).
- Flæðið á SSS var mjög gott, skráning á slösuðum snögg og skilvirk.
- Samstarf og samskipti mismunandi aðila gekk vel.
- Sjúklingar stóðu sig vel.
- Vel skipulagt.
- Vel upp sett og leikararnir góðir.
- Það gekk vel að komast á SLY. Var leiðbeint á svæði norðan við punkta B og 1 á kortinu. Minn hópur gekk fljótlega í flasið á gulum og grænum sjúklingum sem ýmist gengu um eða lágu. Búið var að greina flesta þegar að var komið og vann hópurinn við það að koma þeim á sinn stað, græna í einn hóp og svo gula og rauða á SSS. Þetta gekk vel.
- Fjarskipti gengu mjög vel, þrátt fyrir fjölda björgunarmanna í fjarskiptum.
- Græna svæðið vel staðsett í SSS. Plássið var ágætt en aðallega nálægðin við önnur svæði sem var góð. Samskipti við aðhlyningarstjóra gengu vel og við náðum að leysa flest verkefni.
- Flæðið í gegnum MÓT gekk ágætlega þegar við í Flugvernd fengum að vita hver væri flutningsstjóri en erfitt var að fá upplýsingar um það, einnig var ekki hægt að ræða við flutningsstjóra þar sem hún sagði öllum í Flugvernd að ræða við gæslustjóra sem síðan myndi ræða við hana - alltof flókin boðleið.
- Flest gekk vel.
- Mjög flott að fá tvö rennsli á skrifborðsæfingunni til að slípa saman hópinn. Eins að fá yfirsýn yfir verkefnið. Sú æfing algjör nauðsyn fyrir stóru æfinguna og mætti vera haldin oftár ef eitthvað er.
- Á vettvangsæfingunni virtust allir vera með sitt hlutverk á hreinu eftir rennslið daginn áður.
- Vettvangsæfing: Samvinna ólíkra viðbragðseininga virtist ganga vel.
- Í HCC gekk frekar vel fannst mér, vorum í stöðugum samskiptum við aðgerðarstjórn og fengum skilaboð og beiðnir í gegnum Teams. Vorum með aðgerðargrunn almannavarna sem er mjög gott verkfæri í svona aðstæðum.
- Æfingin 23. okt var mjög mikilvæg fyrir HCC.
- Það var gott að sjá hvernig deildin virkar undir álagi og hvernig við getum fengið alla til að starfa saman.
- Allir slökkviliðsmenn sem ég sá til notuðu SÖB (sjálfstæður öndunarbúnaður) og huguðu þar með að eigin öryggi. Björgun fórnarlamba úr röri gekk vel.
- Samspil ólíkra aðila á SLY.
- Vettvangsæfing.
- Æfingin sem ég var staðsettur á var við eldfugl og við rauða gáminn á svæði 4 og það gekk vel.
- Skrifborðsæfingin með verkþáttastjórum gekk vel.
- Vettvangshópar voru vel nýttir, lítið um óþarfa bið.
- Mér fannst skipulagið á vettvangi mjög gott m.v. sambærilegar æfingar. Búið að svæðaskipta vettvangnum og björgunarstjóri virtist með ágætis yfirsýn yfir magn af mannskap sem var á hverjum stað innan vettvangsins.

- Góð stjórn og skipulag á SSS.
- Vettvangsæfing - góðir leikarar á slysstað gerðu æfinguna mjög raunhæfa. Aðeins vantaði á að sumir leikarar fengju fyrirmæli um að gefa ekki upp lífsmörk nema að þau væru mæld fyrst - ýtir á að fólk æfi sig t.d. að taka púlsinn og hlusta á öndun og slíkt.
- Gott skipulag á SSS og að fá að vera hluti af því að stökkva til og aðstoða en bíða á skilgreindum stað þar til þörf væri. Þetta gekk vel.
- SSS. Mögulega vantaði fleiri tölvur til skráninga - aðeins voru tappar/trekkir við að skrá út af svæðinu og eins að skrá greiningar.
- Ánægð að tímamörk æfingarinnar gengu næstum alveg upp. Það er magnað :-)
- Ánægjulegt að finna samvinnuna og að það var þakkað fyrir og vakandi auga hvort björgunarmenn væru ekki örugglega að koma heilir út úr æfingunni - a.m.k. var spurt um það í okkar bíl þegar við keyrðum út af SSS.
- Í heildina gekk flest upp.
- Skrifborðsæfingar gengu vel.
- Vettvangsæfingin gekk líka heilt yfir vel. Samskiptin voru nokkuð góð og flestir þættir innan SSS gengu vel.
- Samvinna vettvangsaðila.
- Skipulagning flutninga á sjúklingum á SSS frá slysstað gekk vel, enda var það sem ég sá, verandi að keyra bíla með sjúklinga.
- Vettvangsæfing gekk bara þrusu vel .
- Allir voru ánægðir að fá að borða eftir æfingu.
- Hvað fólk var virkilega fagmannlegt.

4.4.3.5 *Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni? (Skrifborðsæfing eða vettvangsæfing - tilgreinið æfingu/æfingar)*

| Rýnipunktur   | Forgangur | Eigandi           |
|---|-----------|-------------------|
| Mín upplifun var að börur hafi borist seint á slysstaðinn.  | Grænn     | VST               |
| Spurningin er hversu margar viðbragðsaðila þarf miðað við stærð slyss og umhverfi, þ.e. er gerlegt að nota sömu börurnar tvisvar eða er fjarlægðin of mikil til að það sé hreinlega gerlegt.  | Grænn     | Allir             |
| Hefði mátt vera meiri sjúkrabúnaður á græna svæðinu, vantaði betri aðstöðu fyrir börur á græna svæðinu, vantar að skýra hvað á að gera við áhafnarmeðlimi.  | Gulur     | Aðhlyningarstjóri |
| Mikið skipulagsleysi, vantaði stjórnanda á svæðum á slysstað. Björgunarstjóri sendir okkur á eitthvað svæði, tilgreinir ekki af hverju eða hvaða verkefni bíður okkar. Þegar við mætum er enginn sem stjórnar á svæðinu og enginn sem getur sagt hópnum okkar hvað vantar eða hvað við ættum að gera. | Gulur     | Björgunarstjóri   |

|   |       |                              |
|---|-------|------------------------------|
| Á slyssað var gámur fullur af börum, bakbrettum og teppum og maður á sexhjóli tilbúinn að skutlast með búnað inn á svæðin en enginn vissi af þessu fyrr en eftir á.   | Gulur | Björgunarstjóri              |
| Langar að stinga upp á að sá sem stjórnir á MÓT og í hliðinu komi sér upp einhverju betra kerfi til að deila sín á milli hverjir eru inni og úti á svæðinu, tók mikið pláss í fjarskiptum, væri betra að vera bara með deildi Excel skjal eða slíkt.  | Gulur | Lögregla/Isavia              |
| Einnig virðist sem misskilningur hafi verið í gangi með bráðaflokkun, mjög margir grænir fengu ekki spjald, það gerir allt erfiðara í framhaldinu ef ekki allir sjúklingar eru með spjald. GRÆNIR ERU LÍKA SLASAÐIR, ekki má gleyma því.  | Gulur | Björgunarstjóri/æfingastjórn |
| Ég held að allir aðilar fengju miklu meira út úr æfingunni ef hún væri keyrð nær rauntíma og ef heilbrigðisstofnanir tækju þátt. Ég held að við getum öll verið sammála um það að eins og heilbrigðiskerfið er í dag er það engan veginn í stakk búið til að takast á við svona slys yrði það að raunveruleika. | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Vettvangur: það hefði hjálpað mikið ef hefði verið hægt að keyra nær sjúklingum til að koma börum og búnaði nær og jafnvel setja sjúklinga í bílinn hvort sem var á börum eða sitjandi.   | Grænn | Æfingastjórn                 |
| Þegar leikari í röðinni kallaði eftir læknishjálpi, þar sem annar leikari aftar í röðinni var að leika hjartastop, var mjög seint brugðist við og virtist enginn vera að bera ábyrgð á því.   | Gulur | Aðhlyningarstjóri            |
| Vettvangsæfing: Það vantaði bráðaflokkunarspjöld, bæði á SLY og SSS.  | Gulur | Æfingastjórn                 |
| Vettvangsæfing. Það var aðeins óljóst hvaða búnað við ættum að koma með og hvað yrði á staðnum. Spjöld fyrir bráðaflokkun: var búið að segja okkur að þau fengjust við MÓT en svo var það ekki.   | Gulur | Æfingastjórn                 |
| Vettvangsæfing: Það kom fljótlega í ljós að það var nokkur skortur á börum, skeljum og hryggbrettum á   | Gulur | Björgunarstjóri/VST          |



|   |       |                                       |
|---|-------|---------------------------------------|
| æfingunni. Um leið og búið var að búa um sjúklinga á bretti og skel og þeir voru fluttir á brott, þá varð skortur á þessum nauðsynlegu flutningstækjum fyrir sjúklinga. Minn hópur var með tvær skeljar og 1 hryggbretti sem notuð voru til flutninga á SSS og svo heyrðist í fjarskiptum frá fleiri hópum að vöntun var á þessum búnaði.   |       |                                       |
| Hefðum mátt vera fleiri á græna svæðinu og með meiri reynslu í skyndihjálpi. Annars var þessi æfing mjög vel heppnuð að mínu mati og miklu betri en 2016.   | Grænn | Aðhlyningarstjóri                     |
| Hefði mátt hafa Flugvernd betur með í ráðum, og skilgreina betur hlutverk flugverndar fyrir öðrum viðbragðsaðilum, svo allir séu með sitt á hreinu.   | Grænn | Isavia/Lögregla                       |
| Talsverð vinna og athygli fór í fjölda og flokkun þolenda. Væri unnt að taka í notkun rafrænt kerfi til að einfalda umrædda vinnu og bæta yfirlit, sbr. armband sem væri fest á þolanda við fyrstu afskipti sem veitti rauntíma upplýsingar inn í miðlægt kerfi, til yfirlits um fjölda, stöðu (flokkun), staðsetningu fyrstu afskipta, aðhlyningu og för/ferli nefnds aðila.   | Grænn | Almannavarnir                         |
| Slysstaður var stór, var í raun nokkrir minni vettvangur. Fannst oft óljóst hver væri stjórnandi hvers vettvangs (minni), t.a.m. kom fyrir að björgunarhópar komu inn á vettvanginn, voru að reyna að átta sig hvað væri að gerast og hver staðan væri og/eða fóru án þess að gera nokkuð. Ef skýrt væri hver stjórnandi væri skýrt hvert viðbragðsaðilar sem kæmu á minni vettvang gætu leitað til að fá stýringu inn í verkefni eða til losunar af vettvangi. | Gulur | Björgunarstjóri                       |
| Mér finnst þurfa meira/betra skipulag á MÓT. Vantar svolítið að hinn almenni björgunarsveitarmaður átti sig á hvernig skal kalla sig inn á MÓT og t.d. hvenær á að skila upplýsingablaðinu.   | Gulur | Lögregla/Slysavarnafélagið Landsbjörg |
| Á vettvangsæfingunni þá missti björgunarstjóri svolítið yfirsýn með að setja upp tvö bráðaflokkunarsvæði á SLY. Tölur voru aldrei á hreinu og   | Gulur | Björgunarstjóri                       |

|  |       |                  |
|--|-------|------------------|
| skýrsla björgunarstjóra var ekki nógu skýr. VST var alltaf að berjast við að fá tölur á slösuðum frá björgunarstjóra og það gekk rosalega illa. Björgunarstjóri þarf að hafa 2-3 eða jafnvel fleiri sér til aðstoðar.  |       |                  |
| AST var gjarnan að láta VST fá verkefni sem falla undir þau eins og að ná í neyðarblóð og súrefni á sjúkrastofnanir. ÞETTA ER HLUTVERK AST ekki VST að leysa.  | Gulur | AST              |
| Mikið vantaði að tækjum og AST gleymir að láta okkur vita af pappabílum sem er æfingarlegs eðlis og það villir um fyrir flutningastjóra sem gjarnan var að láta VST vita af björgum sem áttu að vera komin á staðinn en voru svo ekki komin á staðinn.   | Grænn | Æfingastjórn/AST |
| Setja þarf upp hlið inn á vettvang sem er stýrt af gæslustjóra þar sem tekin er staða áður en flutt er á SSS. VST hafði ekki nógu góða yfirsýn á SSS og finna þarf nýjan stað fyrir Græna sjúklinga þar sem að þriðja hæðin hentar ekki nógu vel.  | Gulur | Gæslustjóri      |
| Langt að fara yfir. MÓT þarf að tilkynna ef að aðgerðarstjórnendur eru komnir á staðinn til aðstoðar en ekki settir í þau verkefni flutningastjóra.  | Gulur | Flutningastjóri  |
| Það var þörf á fleiri aðgerðarstjórnendum á SLY og SSS til aðstoðar. Flutningastjóri þarf að hafa meiri yfirsýn á bjargir hverju sinni og veit ekki hvaða bjargir eru til staðar á flugvellingum sjálfir en það kemur aldrei í gegnum MÓT og veit hann því ekki hvað er til staðar á staðnum sem hægt er að nýta. Mögulega þarf þá fulltrúi frá ISAVIA að vera honum innan handar með það. | Gulur | Flutningastjóri  |
| Fjarskipti á VST 2 voru mikil og á tíma yfir fylltist sá hópur af fjarskiptum. Mögulega þarf að útvíkka meira fjarskipta skipulagið þar sem að björgunarstjóri og VST eru með sértalþóp sín á milli.   | Gulur | AST/VST          |
| Vettvangsæfing: Á þessari æfingu líkt og sumum öðrum sem ég hef fylgst með, finnst mér fyrstu aðgerðir á slysstað full lengi að komast í   | Gulur | Björgunarstjóri  |

|  |       |                  |
|--|-------|------------------|
| fastmótað form (þó svo að ekki sé verið að keppa við tíma).  |       |                  |
| Virtist taka langan tíma að koma á markvissi skipan slökkvistarfa þar sem við komuna á slysstað voru menn full lengi að átta sig á / taka ákvarðanir hvað skyldi gert.   | Gulur | Björgunarstjóri  |
| Einnig virtist taka langan tíma að koma af stað markvissri bráðaflokkun og ná yfirsýn yfir fjölda slasaðra.  | Gulur | Björgunarstjóri  |
| Þannig virtist ekki mjög skilvirkt ferli að færast úr slökkvifasa og yfir í bráðaflokkun og björgun.   | Grænn | Björgunarstjóri  |
| Samskipti við Flutningsstjóra og hliðs 19  | Grænn | Flutningastjóri  |
| Upplýsingaflæði, allavega í upphafi æfingar fengum við frekar seint að vita af flugslysini   | Grænn | Æfingastjórn/HCC |
| Samskiptin inn til HCC fóru ekki þá leið sem við áttum von á og upp kom smá efi hvort vélin væri lent eða ekki .   | Gulur | HCC/NVB          |
| Samskipti innan HCC.   | Grænn | HCC              |
| Björgunarstjóra skorti yfirsýn yfir slysavettvanginn en honum til varnar þá var slysavettvangur dreifður og ekki rökréttur ef svo má að orði komast.   | Gulur | Björgunarstjóri  |
| Töluvert langan tíma tók að hefja björgun fórnarlamba úr reykfyllta rörinu.  | Grænn | Björgunarstjóri  |
| Fyrsti sjúklingur út reykfyllta rörinu var síðastur af vettvangi þrátt fyrir að vera mikið slasaður.   | Grænn | Björgunarstjóri  |
| Talstöðvarsamskipti voru til vandræða. Erfitt að komast að og of margir á sömu rásum. Aðilar sem voru að berjast við eld áttu erfitt með að koma skilaboðum sín á milla því hinir og þessir voru að tilkynna sig á slysstað. Upplýsingar sem komu okkur í raun ekki við. | Gulur | Allir            |
| Skipulagið í MÓT.  | Grænn | Flutningastjóri  |
| Flokkun á slösuðum og að flytja græna og gula fyrr af svæðinu.   | Grænn | Björgunarstjóri  |
| Samskipti hefðu mátt vera betri.   | Grænn | Allir            |
| Lögreglan hefði mátt loka betur svæðinu, þar sem 3 grænir hlupu á brott í stað þess að fara upp í rútuna í SSS á meðan við vorum að græja rauðu á litlu svæði þar sem grænir og gulir voru að gera svæðið erfitt fyrir okkur.  | Grænn | Gæslustjóri      |

|   |       |                        |
|---|-------|------------------------|
| Fleiri hefðu mátt koma, slökkvilið upptekin í öðru.   | Grænn | Björgunarstjóri        |
| Dreifa aðgerðastjórnendum betur á verkþáttastjóra, vorum 5 svæðisstjórnarmenn á MÓT + 2 lögreglumenn og fólk frá Isavia, en miðað við frásagnir hefði þurft betri stuðning allavega við aðhlyningarstjóra og mögulega björgunarstjóra.  | Gulur | Isavia/Almannavarnir   |
| Mætti endurskoða skipulag og staðsetningu á gámnum á MÓT til að fækka handtökum, auka yfirsýn og gera þetta þannig að hægt sé að keyra MÓT á færri stjórnendum.   | Grænn | Flutningastjóri/Isavia |
| SST svaraði oftast ekki uppköllum frá ytra biðsvæði á Blár 1-0 í upphafi æfingarinnar.  | Gulur | SST                    |
| Algjörlega hörmulegt að ekki hafi verið klárað að bráðaflokka og ekki allir hafi fengið spjald. Hreint út sagt óþolandi að mæta með stóran hóp og setja metnað í okkar störf og horfa upp á launaða viðbragðsaðila mæta með fýlusvip og hangandi hendi, gjörsamlega áhugalaus um verkefnið og klára ekki einu sinni þau verkefni sem tilheyra þeim. T.d.. Bráðaflokkun. | Gulur | Isavia/Almannavarnir   |
| Flest skiptin þegar við komum að sækja slasaðan á SLY var enginn með yfirsýn yfir hverjir voru hvað merktir og enginn með statusinn á ástandi þeirra (rauður, gulur o.þ.h.) sérstaklega síðasta klukkutímann.   | Gulur | Björgunarstjóri        |
| AST og VST svöruðu ekki alltaf fjarskiptum.   | Gulur | AST/VST                |
| Vorum ekki nýtt í verkefni strax og biðum hjá SSS eftir að hafa verið send þangað.  | Grænn | VST                    |
| Hefði mátt skilgreina svæði í aðgerðagrunni   | Grænn | AST                    |
| Vettvangsæfing: Kannski þetta með að búnaður barst seint, þá aðallega börur.  | Gulur | VST                    |
| Fannst vera mikil ónákvæmi í talningu og samskiptum með talningu óljósar tölur, ekki öruggar og báru ekki saman.  | Gulur | VST                    |
| Vettvangsæfing: Það vantaði hendur á SSS - það vantaði fólk í flutning milli svæða og það vantaði börur, t.d. inn á sjúkrabílabörum og fluttir yfir á greiningarborð og komust svo ekki   | Grænn | VST                    |

|  |       |                 |
|--|-------|-----------------|
| strax yfir á viðeigandi svæði vegna skorts á börum. Því voru rauðir sjúklingar. Jafnvel bornir á milli á teppum.   |       |                 |
| Það gekk hægt að fá flutning fyrir græna sjúklinga af SSS í upphafi æfingar sem hafði mikil áhrif á plássíð á græna svæði.   | Grænn | VST             |
| Það hefði verið gott að fá upplýsingar um fjölda og flokkun væntanlegra sjúklinga.   | Gulur | VST             |
| Flæði - bæði bjarga og slasaðra.   | Gulur | VST             |
| Senda bjargir á alla staði SLY, eldfuglinn og rörin gengu einhvern veginn fyrir þannig að þriðji pósturinn stóð auður mjög lengi -> leikurum var orðið frekar kalt.  | Gulur | Björgunarstjóri |
| Alger óþarfi að hafa ráðherra og hóp af fylgdarliði að skapa örtröð í anddyri SSS, beið í alltof langan tíma haldandi á þungum börum svo Áslaug gæti fengið photo-op, hún má alveg vera þarna, en bara ekki í anddyri SSS  | Grænn | Æfingastjórn    |
| Á mínu svæði gekk bara fint. Hefði kannski mátt vera fleiri björgunarmenn.   | Grænn | VST             |
| Það vantaði töluvert uppá skipulagið varðandi leikarana. Við fengum ekki rétta tölu og ekki upplýsingar um að allir væru ekki komnir um morguninn.   | Gulur | Æfingastjórn    |
| Ekki flýta sér um og of og passa að gleyma ekki einhverjum sjúklingum þrátt fyrir að þeir séu skilgreindir grænir því þeir geta breyst í rauða á skömmum tíma.   | Gulur | VST             |
| Daginn eftir fékk ég rosalega vöðvabólgu og höfuðverk eftir böruburð.  | Grænn |                 |
| Tók eftir því að það er ekki það besta að láta leikmenn (t.d. björgunarsveitir) í bráðaflokkun. Við erum að bráðaflokka marga sem eiga að vera gulir sem rauða, sáum það skýrt þegar fagaðilar (sjúkrabílarnir) mættu á svæðið. En það er samt nauðsynlegt fyrir björgunarsveitamenn að geta bráðaflokkað. | Grænn | Björgunarstjóri |
| Var vitni af því þegar starfsmaður Flugvallarþjónustu á vettvangsstjórabíl missti stjórn á skapi sínu við starfsmann Flugverndar þar sem   | Grænn | Isavia          |

|  |       |                 |
|--|-------|-----------------|
| Björninn (stóri samskiptabilinn frá Landsbjörg) var við MÓT, en var ekki hleypt inn þar sem ekki var komið leyfi frá flutningsstjóra. En starfsmenn sem unnu við stýringu á hliði 19 stóðu sig vel, þrátt fyrir fúkyrði og annað frá starfsmanni flugvallarþjónustu sem er ekki til fyrirmyndar, og voru fjölmargir vitni af þessu atviki. |       |                 |
| Útbúa mætti í MÓT segla sem hægt er að skrifa bjargir á og henda upp á töflu sem er í MÓT gámnum.  | Grænn | Flutningastjóri |
| Mjög mikilvægt að hér í HCC sé aðgangur að aðgerðargrunni almannavarna sé til staðar.  | Gulur | Isavia          |
| Hefði vilja sjá fleiri frá Flugvallarþjónustunni í KEF taka þátt.  | Gulur | Isavia          |
| MÓT: þarf að færa töfluna og minnka skrifborðið (frekar þröngt) og formerkja töfluna eða fastmerkja hana þar sem MÓT er bara notað í þessum tilgangi.  | Grænn | Flutningastjóri |
| Heyrði frá áhöfn sjúkrabíls sem var að flytja sjúklinga frá SSS og á heilbrigðisstofnun að þeir væru að lenda í að vita ekki hvaða talhóp þeir ættu að vera á hverjum tíma og fengju ekki leiðbeiningar þegar þeir ættu að skipta. Er fjarskiptaskipulagið mögulega of flókið fyrir vettvangshópana?                                       | Gulur | VST             |
| Það hefði mátt gefa út dagsetninguna mjög fyrr og staðfesta æfinguna með fyrirvara um frekari takmarkanir. Ansi margar björgunarsveitir sem voru búnar að setja aðra dagskrá á þessa helgi þegar æfingin var loksins staðfest.   | Grænn | Æfingastjórn    |
| Takk fyrir mig. Hlakka til næstu æfingar. 4 ár á milli æfinga er langur tími en ég skil að umfangið er mikið og kannski ekki gerlegt að halda þær oft.   | Grænn | Æfingastjórn    |
| Ég skora á skipulagsaðila að hafa slysavanadeildirnar með í ráðum þegar verið er að skipuleggja æfingar. Það er ekki hægt að ætlast til að við séum endalaust tilbúin að hoppa til með nokkra daga fyrirvara.  | Grænn | Æfingastjórn    |

#### 4.4.3.6 *Einkunn æfingar*

Einkunn æfingar 8,7 af 10 mögulegum.